

Fiskeldisfréttir

EFNISYFIRLIT

VOR Í ÍSLENSKU FISKELDI 1

MAGNÚS HEIÐRAÐUR 1

NÝR BLEIKJU-KYNBÓTAVEFUR 2

PORSKELDIS-KVÓTAFUNDUR HAFRÓ 2

STRAND-SVÆÐA-STJÓRNUN 3

SJÁVAR-KLASINN 4

NORRÆN PORSKELDIS-RÁÐSTEFNA 5

VOR Í ÍSLENSKU FISKELDI?

Stöðnun síðustu ár

Á síðustu fjórum árum hefur framleiðsla í íslensku fiskeldi verið um 5.000 tonn á ári. Landssamband fiskeldisstöðva áætla að framleiðslan verði um 5.600 tonn á árinu 2011. Mest var framleiðslan árið 2006 um 10.000 tonn.

Fjarðarlax með slátrun í vetur

Það fyrirtæki sem er með einna mestu aukningu í framleiðslu er Fjarðarlax sem stundar laxeldi í sjókvíum í Tálknafirði og Arnarfirði. Í vetur er fyrirhugað að slátra 600-800 tonnum af laxi og er það hrein viðbót við þá framleiðslu sem hefur verið undanfarin ár.

Nýir í sjókvíaeldi

Nú eru tvö fyrirtæki í umsóknarferli og sækja um heimild til laxeldis í sjókvíum. Hér er um að ræða Laxar fiskeldi ehf. sem sækir um heimild til 6.000 tonna eldis í Reyðarfirði og Arnarlax ehf. sem

sækir um heimild til 3.000 tonna eldis í Arnarfirði.

Nýir í landeldi

Í landeldi hefur Matorka mikil áform og stefnir að 3.000 tonna eldi á bleikju og beitarfiski. Stór áform eru einnig hjá Stolt Sea Farm sem stefnir að 2.000 tonna eldi á senegalflúru á Reykjanesi. Jafnframt er verið að stækka bleikjueldisstöðvar og í því sambandi má nefna Hólalax og Fiskeldið Haukamýri.

Mikil aukning framundan?

Ef þessi áform ná fram að ganga ásamt framleiðsluaukningu hjá þeim stöðvum sem nú eru í framleiðslu er ekki langt að bíða þar til framleiðslan tvöfaldast, þ.e.a.s fer úr 5.000 tonnum upp í 10.000 tonn.

Nokkrir áhugasamir

Áhugi erlendra aðila að hefja fiskeldi á Íslandi hefur aukist mikið eftir hrun. Unnið er að undirbúningi á stofnun fleiri

fiskeldisstöðva en nefndar eru hér að ofan. Þessar hugmyndir eru komnar stutt á veg og mikil óvissa um hvort þær verða að veruleika.

Einnig útflutningur á hrognum og seiðum

Á undanförunum árum hefur einnig verið útflutningur á hrognum og seiðum laxfiska og lúðu. Mikill vöxtur hefur t.d. verið á útflutningi hrogna hjá Stofnfiski.

Líka tækjabúnaður

Það má heldur ekki gleyma fódur- og tækjaframleiðendum. Vaki hefur lengi verið leiðandi fyrirtæki í útflutningi á tækjabúnaði fyrir fiskeldi og er þekkt á alþjóðlegum markaði. Fjöldi annarra fyrirtækja er að framleiða tækjabúnað fyrir slátrun og vinnslu á eldisfiski og má þar t.d. nefna Marel, Völlu og 3X stál. Á blaðsíðu 4 er fjallað um sjávarklasann og útflutningsverðmæti tækjaframleiðenda.

ÁHUGAVERT OG JÁKVÆTT

- Aukning framleiðslu
- Síðasti víkingurinn heiðraður
- Ný vefsíða fyrir bleikjukynbætur
- Norræn þorskeldisráðstefna í september
- Sjávarútvegssýningin í september
- Sjávarútvegssráðstefnan í október

SÍÐASTI VÍKINGURINN?

- MAGNÚS KR. GUÐMUNDSSON HEIÐRAÐUR

Magnús Kr. Guðmundsson var heiðraður á síðast ársfundi Landssambands fiskeldisstöðva. Magnús hefur verið viðloðandi sjávarútveg á Tálknafirði í áratugi. Hann var lengi skipstjóri og árið 1980 stofnaði hann fiskverkunina Þórsberg hf. ásamt fjölskyldu sinni. Magnús Kr. Guðmundsson var sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu, riddarakross, árið 2004 fyrir störf að sjávarútvegsmálum. Magnús var og er enn mikill

athafnamaður og hann var hvatamaður að þorskeldi sem fór af stað í Tálknafirði 1994. Árið 1984 stofnaði Magnús laxeldisfyrirtækið Þórsfax hf. sem starfrækti laxeldi í Gileyri og í Botni. Í dag á eldi og verkun silungs hug hans í Tungusilungu ehf. sem hann setti á laggirnar árið 1985.



Formaður Landssambands fiskeldisstöðva, Jón Kjartan Jónsson afhendir Magnúsi Kr. Guðmundssyni uppstoppaða bleikju sem heiðursverðlaun.

Slóð: <http://lfh.is/documents/MagnusKrtexti.pdf>

VEFSÍÐA UM KYNBÆTUR Á BLEIKJU

Ný vefsíða

Nýlega var stofnuð ný vefsíða um bleikjukynbætur Hólaskóla. Á vefsíðunni er að finna margskonar upplýsingar um kynbótaverkefnið og til nánari upplýsingar er áhugasömum bent á að fara á vef þess sem er að finna hér að neðan.

Verkefni á vegum Hólaskóla

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframlæð-

endum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og hins vegar með hrognasölu.

Markmið

Markmið kynbótanna er að rækta hraðvaxta eldisstofn, sem er frjósamur en verður þó ekki kynþroska fyrr en á þriðja hausti frá klaki, nýtir fóður vel, hefur gott viðnám gegn sjúkdómum og gefur

hæsta verð á erlendum mörkuðum.

Hingað til hefur megináhersla verið lögð á aukinn vaxtarhraða og seinkun kynþroska. Rannsóknir hafa sýnt að hægt er að auka holdgæði og viðnám gegn sjúkdómum með kynbótum.



Vefsíða kynbótaverkefnisins, en á myndinni má sjá Einar Svavarsson sem hefur haldið utan um verkefnið allt frá upphafi.

Slóð: www2.holar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=760&Itemid=252

ÞORSKELDISVÓTAFUNDUR HAFRANNSÓKNASTOFNUNNAR

Góð mæting

Dagana 30.-31. ágúst var haldinn vinnufundur í Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunnar. Fundurinn var haldinn í Háskólasetri Vestfjarða á Ísafirði og mættu rúmlega 25 manns.

Ljósátan í aðalhlutverki

Einar Hreinsson sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun flutti erindin Aðlögun og gildrun þorsks og Beitararviar fyrir þorsk. Hér er um að ræða áhugaverðar rannsóknir þar sem ljósátan er í aðalhlutverki að tæla þorsk inn í gildru og fœðra þorsk í kvíum.

Aldan ÍS 47

Á þorskeldiskvótafundinum kynnti Gísli Jónsson, myndband sem tekið var um borði í Öldunni ÍS 47. Aldan er sennilega sá bátur sem er best búinn til að fanga þorsk til áframeldis.

Skaðlegir þörungur

Óvænt áttu sér stað afföll á fiski í eldiskvíum á Vestfjörðum í vor vegna skaðlegra þörungna. Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma var því fenginn til að gera grein fyrir skaðlegum

þörungum og hvernig best er að koma í veg fyrir afföll af þeirra völdum. Hann gaf gott yfirlit yfir tjón af völdum skaðlegra þörungna allt frá árinu 1991 þegar hann hóf störf á Íslandi sem dýralæknir fisksjúkdóma.

Umhverfisáhrif fiskeldis

Með stærri eldiskvíum og auknu umfangi sjókvíaeldis koma umhverfismál sterkara inn við þróun fiskeldis hér á landi. Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða fjallaði um áhrif eldisins á botndýrasamfélagið undir kvíunum og vöktun. Í umræðunni koma vel fram að ef rétt væri staðið að málum ætti umhverfisáhrifin að vera í algjöru lágmarki.

Áhugaverðar sjávarhitamælingar

Örn Ingólfsson hjá Pols Engineering gerði grein fyrir loft- og sjávarhitamælingum á mismunandi dýpi en þeir hafa verið í samstarfi við Álsfell. Hér er um að ræða mjög áhugaverðar mælingar sem koma til með að auka þekkingu okkar á eldisað-

stæðum í Skutulsfirði. Hægt er að sækja rauntímamælingar á netið á slóðinni: <http://212.30.204.13/snweb/sngaph.php?ID=815>

Hækkandi sjávarhiti

Á undanförunum árum hafa þorskeldisfyrirtæki mælt sjávarhitastig allt í kringum landið. Í einu erindanna koma fram að þegar borði er saman niðurstöður sjávarhitamælinga þorskeldisfyrirtækja við eldri mælingar Hafrannsóknastofnunnar þá hefur hitnað umtalsvert í hafinu.

Norsk ráðstefna


Á blómaskeiði þorskeldis sóttu fjöldi íslendinga þorskeldisráðstefnu sem haldin er árlega í febrúar. Í ár sótti aðeins einn Íslendingur ráðstefnuna, Kristján Ingimarsson sem sér um sjókvíaelði HB Granda í Berufirði. Þrátt fyrir verulega erfiðleika í norsku þorskelði er og verður haldið áfram öflugum rannsókn- og þróunarstarfi.



Séð yfir fundarsalinn.



Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma.



Þorskurinn hjá Álfsvelli skoðaður.



Þeir sem fóru út í eldiskvíar.

Slóð: www.sjavarutvegur.is/thorskeldi/index.htm

STRANDSVÆÐASTJÓRNUN OG LEYFISVEITINGAR TIL FISKELDIS

Ráðstefna í Háskólasetri Vestfjarða

Þann 31. ágúst var haldin í Háskólasetri Vestfjarða á Ísafirði ráðstefnan Strandsvæðastjórnun og leyfisveitingar í fiskeldi. Ráðstefnan var haldin í tengslum við Þorskeldiskvótafund Haf- rannsóknastofnunnar. Það var við hæfi að halda málstofu um strandsvæðastjórnun á Ísafirði sem hafa haft mikið frumkvæði innan þessa málaflokks.

Fundarstjóri var Erla Bryndís Kristjánsdóttir, Teiknistofunni Eik og heiti erinda og fyrirlesarar eru í græna kassanum til hægri.

Strandsvæðastjórnun

Ráðstefnan skiptist í tvær málstofur. Í málstofu um strandsvæðastjórnun fjallar Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga, um sýn sveitarfélaga varðandi strandsvæðastjórnun.

Dagný Arnarsdóttir, fagstjóri við Háskólasetur Vestfjarða, fjallar um hvaða gagn gerir samþætt strandsvæðastjórnun. Í máli hennar kom fram að algeng skilgreining væri; „*Samþætt strandsvæðastjórnun (ICZM) er samféllt, síkvikt og þverfræðilegt ferli sem leitast við að samþætta mismunandi stig stjórnvalda, samfélags, vísinda, sem og hagsmuni atvinnugeira og almennings. Þetta fer fram með vandlega útfærðum verkefnum sem miða að verndun og sjálfbærri þróun umhverfis og auðlinda á strandsvæðum*”.

Gunnar Páll Eydal, Teiknistofunni Eik, fjallaði um nýtingaráætlun strandsvæða í Arnarfirði sem nú er unnið að á vegum Fjórðungssambandsins, Teiknistofunnar Eikar og Háskólaseturs Vestfjarða.

Bekkingaryfirfærsla

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða

Erindi sem flutt voru á ráðstefnunni

Málstofa: Strandsvæðastjórnun

- Sýn sveitarfélaga varðandi strandsvæðastjórnun, *Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfjarða*
- Hvaða gagn gerir Haf- og strandsvæðastjórnun? *Dagný Arnarsdóttir, Háskólasetur Vestfjarða*
- Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar, *Gunnar Páll Eydal, Teiknistofan Eik*

Málstofa: Bekkingaryfirfærsla og leyfisveitingar til fiskeldis

- Yfirfærsla þekkingar úr meistaranámi Háskólaseturs Vestfjarða, *Peter Weiss, Háskólasetri Vestfjarða*
- Leyfisveitingar til fiskeldis – Reynslusaga Álfsfells ehf., *Hallgrímur Kjartansson, Álfsfell ehf.*
- Norðmenn – leyfisveitingar og skipulagsmál í fiskeldi, *Guðbergur Rúnarsson, Landssamband fiskeldisstöðva*

fjallaði um yfirfærslu þekkingar frá meistaranámi Haf- og strandsvæðastjórnun. Það verður athygli að árlega eru teknir inn í skólann 20-25 meistaranemar frá fjölmörgum löndum, aðallega frá Evrópu og Norður-Ameríku. Þetta verður að teljast mjög góður árangur að hægt sé að draga að þennan fjölda mastersnema í litlu samfélagi norður á hjara veraldar. Fram að þessu hafa fáir Íslendingar sýnt náminu áhuga sem vonandi verður fljótlega bætt úr á næstu árum. Í máli Peter kom einnig fram að á næstu árum stæði til að stofna sérbraut í sjávar- tengdri nýsköpun.

Leyfisveitingar til fiskeldis

Hallgrímur Kjartansson, Álfsfelli ehf, sagði frá raunarsögu fyrirtækisins en sótt var um að auka umsvif eldisins úr 200 tonnum í 900 tonn í Skutulsfirði. Niðurstaðan var að framkvæmdin þyrfti að fara í umhverfismat. Gerð var stjórnslukæra þar sem kvartað var yfir mismunandi túlkun fagaðila og ósamræmi í umsögn. Úrskurður ráðuneytis var að staðfesta fyrri ákvörðun um að 900 tonna eldi þyrfti að fara í

umhverfismat.

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, fjallaði um leyfisveitingar og skipulagsmál fiskeldis í Noregi. Guðbergur gerði grein fyrir niðurstöðum og tillögum norskrar nefndar sem birtar eru í skýrslunni; „Effektiv og bærekraftig arealbruk í havbrúsnæringun”.

Þrjár forsendur nefndarinnar um þróun fiskeldis í Noregi eru:

- Strandsvæði Noregs verði skipt upp í aðskilin eldisvæði með eldisstaðsetningum
- Aðgerðir á eldisvæðum skulu stjórnast af skilgreindum vísium (indikatorum) og verklagsreglum (handlingsregler)
- Eldisfyrirtækin á einstökum eldisvæðum fá aukið hlutverk og samfélagsábyrgð við lausn á sameiginlegum viðfangsefnum.

Nánari upplýsingar um efni erindis Guðbergs og annarra fyrirlesara er að finna á vefsíðu Háskólaseturs Vestfjarða og er slóðina að finna hér að neðan.

Slóð: http://hsvest.is/radstefnur_og_fyrirlestrar/glaerur_fyrirlestranna/



Séð yfir ráðstefnusal í Háskólasetri Vestfjarða



Guðbergur Rúnarsson, Hallgrímur Kjartansson og Peter Weiss.



Aðalsteinn Óskarsson, Dagný Arnarsdóttir og Gunnar Páll Eydal.



Peter Weiss



Víkingur Gunnarsson hjá Arnarlax lætur ljós sitt skína.



Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrustofu Vestfjarða fremst á myndinni.

ÚTFLUTNINGUR TÆKNIFYRIRTÆKJA Í SJÁVARKLASANUM VEX Á ÁRINU 2011

Athugun Íslenska sjávarklasans á veltu tæknifyrirtækja í klasanum leiðir í ljós að útflutningur þessara fyrirtækja hefur gengið vel það sem af er árinu 2011 á meðan stöðnun ríkir á innanlandsmarkaði.

Fyrirtækin gera ráð fyrir að meðaltali um 10-15% vexti í útflutningi. Fyrirtækin, sem eru um 70 talsins, fluttu út tækjabúnað eða vörur tengdar honum fyrir rúma 16 milljarða kr. árið 2010 en útflutningur á þessu ári er áætlaður að verði um 20 milljarða kr.

Mikill vöxtur er í útflutningi á ýmsum tækjum og búnaði fyrir skip og útflutningi tæknibúnaðar tengdum fiskvinnslu. Mest aukning er í sölu ýmis konar búnaðar í skip. Þar er meðal annars um að ræða tækni sem bætir orkunýtingu skipa, ýmis hugbúnaður o.fl. Útflutningur á tækjum og búnaði í skip var um 1,8 milljarða kr. árið 2010 en áætlanir fyrir tækjanna gera ráð fyrir að þessi útflutningur nemi að minnsta kosti 2,5-2,6 milljörðum kr. á árinu 2011 en það er rösklega 40% aukning. Útflutningur tæknibúnaðar tengdum fiskvinnslu er áætlað að aukist úr 6 milljörðum kr. árið 2010 í rúma 8 milljarða kr. árið 2011 eða um tæpan þriðjung. Flestar tæknigreinar sjávarklasans virðast í sókn í útflutningi hvort sem er í framleiðslu fiskvinnsluvéla, kælitækni, hugbúnaðargerð eða grænni tækni. Tæknifyrirtæki sem þróað hafa hvers konar umbúðir, pakkingar eða veiðarfæri gera ráð fyrir minni vexti eða á bilinu 5-10%. Ekki fengust upplýsingar um útflutning bátasmiðja.

Samkvæmt mati fyrirtækjanna ríkir stöðnun í sölu á innanlandsmarkaði og tæknifyrirtækin hafa ekki væntingar um að breyting verði þar á vegna óvissu í sjávarútvegi. Sala þessara fyrirtækja á innanlandsmarkaði var um 11 milljarða kr. á árinu 2010 og virðist hafa dregið lítilsháttar úr veltu innanlands milli árána 2010 og 2011. Fyrirtækin gera ekki ráð fyrir aukningu á eftirspurn á innanlandsmarkaði á næstunni þrátt fyrir að ljóst sé að uppsöfnuð endurnýjunarþörf er til staðar.

Í heild er því áætlað að velta tæknifyrirtækja í sjávarklasanum verði um 31 milljarður á árinu 2011 og vaxi um 15% á milli ára.

Ekki fengust upplýsingar um fjölgun starfsmanna en hún er þó talin óveruleg. Þó hafa nokkur fyrirtæki, sem vaxið hafa mest, bætt við sig um samtals 30 starfsmönnum á þessu ári. Starfsmenn tæknifyrirtækja í sjávarklasunum eru rúmlega 1000 talsins, mestmegnis tæknimenntað fólk.

Unnið er að efnahagslegri úttekt á efnahagslegum áhrifum sjávarklasans sem heild en stefnt er því að kynna úttektina síðar í haust.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Jónasson hjá 3X í síma 8976794, Jón Ágúst Þorsteinson hjá Marorku í síma 582-8000, Þorsteinn I Víglundsson hjá Jarteikn í síma 8200038 eða Þór Sigfússon hjá Íslenska sjávarklasunum í síma 618-6200.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttuð starfsemi sjávarklasans getur falið í sér. Sjávarklasinn hefur aðsetur hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

Flest fyrirtæki innan íslenska sjávarklasans eru meðal sýnenda á Sjávarútvegssýningunni 22.-24. september 2011

Cod Farming in Nordic Countries

Grand Hotel, Reykjavík

21. September 2011

Icelandic Fisheries Exhibition 2011

Smárinn, Kópavogur, Iceland
September 22-24

Cod Farming in Nordic Countries

Grand Hotel, Reykjavík
21 September 2011

08:00 **Registration**

09:00 **Welcome, Minister of Fisheries and Agriculture in Iceland**

Session 1: Important biological challenges and bottlenecks in cod farming

Chairman: Albert K. Imsland, Akvaplan-niva Ltd.

09:10 Control of sexual maturity in cod farming – status and future solution, Ørjan Karlsen, Institute of Marine Research.

09:30 Mortality, diseases and vaccination – status and future solution, Grethe Adoff, Norwegian Seafood Centre.

09:50 Centre Growth potential of farmed cod, Agnar Steinarsson, Marine Research Institute

10:10 Status of selective breeding of cod in Iceland, Norway and Canada, Theódór Kristjánsson, IceCod Ltd.

10:30 Discussion

10:50 **Coffee break**

Session 2: Industrial view: Current setback in cod farming - Where do we go from here?

Chairman: Kristján G. Jóakimsson, Hradfrystihusid Gunnvör Ltd.

11:10 Status and future plans of cod farming in Norway, Hogne Bleie, Atlantic Cod Farms

11:30 Status and future plans of cod farming in Iceland, Jónas Jónasson, IceCod Ltd.

11:50 Progress of the EIRCOD project and cod farming in Ireland, Richard FitzGerald, National University of Ireland

12:10 Status of capture based aquaculture of cod - Where do we go from here? Kjell Midling, Nofima

12:30 Discussion

12:50 **Lunch**

Session 3: Poster presentations

Chairman: Björn Björnsson, Marine Research Institute

13:50 Presentations, 5 min per poster

1. Live feed enrichment for improved quality and survival of intensively reared cod larvae, Rannveig Björnsdóttir, Matís Ltd./ University of Akureyri, Jónína Þ Jóhannsdóttir, Hugrún Lísa Heimisdóttir, Agnar Steinarsson, María Pétursdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir, Oddur Vilhelmsson and Albert K. Imsland
2. Impact of probiotic intervention on microbial load, development and performance of farmed Atlantic cod (*Gadus morhua* L.), Héléne L. Lauzon, Matís Ltd., Sigríður Guðmundsdóttir, Agnar Steinarsson and Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir
3. Expression of key genes related to unspecific immune responses in cod larvae, Eydís Elva Þórarinsdóttir, Matís Ltd./ University of Akureyri, Jónína Þ Jóhannsdóttir, Agnar Steinarsson, Kristinn Þ Magnússon and Rannveig Björnsdóttir.
4. The effects of salinity on growth rate of Atlantic cod, Tómas Árnason, Marine Research Institute, Bergljót Magnadóttir, Agnar Steinarsson, Björn Björnsson and Björn Þrándur Björnsson
5. The effects of growth, salinity and temperature on humoral parameters of Atlantic cod, Bergljót Magnadóttir, Institute for Experimental Pathology, Keldur, University of Iceland, Björn Þrándur Björnsson, Björn Björnsson, Agnar Steinarsson and Tómas Árnason
6. Mortality of farmed cod in sea cages, Árni Kristmundsson, Institute for Experimental Pathology, Keldur, University of Iceland, Barði Ingibjartsson, Kristján Ingimarsson, Kristján Guðmundur Jóakimsson and Valdimar Ingi Gunnarsson
7. Problem of early sexual maturation in farmed cod; Triploidy induction as a possible solution. Amid Derayat, Marine Research Institute, Agnar Steinarsson, Árni Magnússon og Björn Björnsson
8. Short term exposure to continuous light delays sexual maturation and increases growth of Atlantic cod in sea pens, Albert K. Imsland, Akvaplan-niva Ltd., Hansen, H., Roth, B., Foss, A., Vikingstad, E., Bjørnevik, M., Powell, M., Solberg, C. and Norberg, B.
9. Lipid tolerance of Atlantic cod, Jón Árnason, Matís Ltd., Rannveig Björnsdóttir and Helgi Thorarensen
10. Effect of water quality on the growth of juvenile cod, Helgi Thorarensen, Hólar University, Albert K. Imsland, Snorri Gunnarsson, Arnþór Gústavsson, Ingólfur Arnarson, Jón Árnason, Agnar Steinarsson and Rannveig Björnsdóttir
11. A quick, least-invasive, inexpensive and reliable method for sampling Atlantic cod (*Gadus morhua*) post-larvae for genetic analyses, Luca Mirimin, National University of Ireland, Damien O'Keefe, Angela Ruggiero, Majbritt Bolton-Warberg and Richard FitzGerald.
12. Are temperature optima for growth of Atlantic cod consistent across the species range? Majbritt Bolton-Warberg, National University of Ireland, Damien O'Keefe and Richard FitzGerald.

15:30 Coffee break

Session 4: Processing of farmed and wild cod

Chairman: Sveinn Margeirsson, Matís Ltd.

16:00 Processing of cod – difference between wild and farmed cod, Kristín A. Thórarinsdóttir, Matís Ltd.

16:20 Processing of farmed cod – technology development, Rúnar Birgisson, Marel Ltd.

16:40 Optimised chilling during processing and transport of fresh fish, Björn Margeirsson, Matís Ltd.

17:00 Discussion

17:20 Reception hosted by the Icelandic Minister of Fisheries and Agriculture

www.sjavarutvegur.is/codconference.html



Sjávarútvegsráðstefnan 2011

Frá tækifærum til tekjusköpunar
Grand Hótel Reykjavík, 13.-14. október 2011



Fyrri dagur

Íslenskur sjávarútvegur

Opnunarávarp

Sjávarútvegsráðstefnan – Hugmyndafræði og skipulag, *Guðbrandur Sigurðsson*

Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg; afli, vinnsla, útflutningur og markaðir, *Kristján Hjaltason*

Veidistjórnun á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar - árangur og tækifæri, *Jóhann Sigurjónsson*

Styrkleikar og veikleikar í útflutningi íslenskra sjávarafurða, *Sigurður Bogason*

Umræður

Málstofa A

Gullteigur

Málstofa: Markaðstækifæri í Evrópu

Málstofa: Markaðssvæði framtíðarinnar

Málstofa B

Hvammur

Málstofa: Sóknarfæri í veiðitækni

Málstofa: Vöruþróun

Móttaka í boði Marels

Seinni dagur

Málstofa A

Gullteigur

Málstofa: Sjávarútvegur og fjölmíðlar

Málstofa: Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur

Málstofa B

Hvammur

Málstofa: Tækifæri erlendis

Málstofa: Sjávarklasinn á Íslandi

Samantektir, pallborðsumræður og verðlaunaafhending

Samantekt – Málstofa A, *Stella Björg Kristinsdóttir*

Samantekt – Málstofa B, *Sigríður Ólafsdóttir*

Kynning á framúrstefnuhugmyndum og verðlaunaafhending, *Hjálmar Sigurbórsson*

Pallborð og almennar umræður

Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2012 o.fl.



www.sjavarutvegsradstefnan.is